

Borgarráð

Landakotsskóli - breytingar á viðmiðum um nemendafjölda

Lagt er til að Landakotsskóla verði heimilað að hafa allt að 100 nemendur í alþjóðadeild skólans með vísan til umsóknar dags. 18. júní 2019. Viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til Landakotsskóla taki því breytingum með þeim hætti að miðað verði við að hámarksfjöldi reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna geti orðið 260 í stað 234 frá upphafi skólaárs 2019-2020.

Framlag verði greitt óháð því hvort reykvískur nemandi sé í almennum hluta skólans eða í alþjóðadeild. Engu að síður verði skýrt í hvorum hluta skólans reykvískir nemendur eru. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs er falið að gera samninga við Landakotsskóla til þriggja ára á grundvelli reglugerðar nr. 699/2012 með síðari breytingum, um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum og skólahald samkvæmt erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan, sem og reglugerðar nr. 1150/2018 um sjálfstætt rekna grunnskóla, í samræmi við samþykkt drög að þjónustusamningum við sjálfstætt rekna grunnskóla frá fundi borgarráðs þann 7. febrúar 2019.

Samningur við Landakotsskóla verði gerður með fyrirvara um um staðfestingu menntamálaráðuneytis á þjónustusamningnum, sem og fjárhagslega greiningu á kostnaði vegna framlaga Reykjavíkurborgar til skólans þegar heildarfjöldi nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar liggur fyrir eftir 1. október nk.

Greinargerð:

Með samþykkt viðmiða um að heimilt sé að greiða framlag vegna allt að 260 reykvískra nemenda til Landakotsskóla er skólanum gert kleift að samþykkja fyrirbyggjandi umsóknir reykvískra nemenda í skólann auk þess sem svigrúm er til að fjölga reykvískum nemendum. Til samræmis við þjónustusamninga við sjálfstætt rekna grunnskóla sem samþykktir voru í borgarráði þann 7. febrúar 2019 er greitt framlag vegna nemenda í skólanum sem eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík.

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna framlaga til sjálfstætt rekinna grunnskóla miðast við nemendafjölda þeirra að hausti á rekstrarári á undan þ.e. október 2018 vegna fjárhagsáætlunar 2019. Skóla- og frístundasvið fær auknar fjárheimildir í samræmi við fjölgun/fækkun og verðlagsbreytingar framlags á fjárhagsárinu. Hækkun viðmiðs um hámarksfjölda skilar því ekki hækkun á fjárheimildum en eins og með magntölur í borgarreknum skólum þá er nemendafjölgun á fjárhagsári ávallt bætt. Þegar heildarfjöldi nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar liggur fyrir eftir 1. október nk. mun fara fram endurskoðun á fjárheimildum til sviðsins.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Minnisblað skóla- og frístundasviðs dags. 15. júlí um rekstur alþjóðlegrar deildar við Landakotsskóla og gerð þjónustusamnings, auk umsagnar fjármála- og áhættustýringarsviðs

Drög að þjónustusamningi, dagsettur í janúar 2019



MINNISBLAÐ

Reykjavík, 15. júlí 2019
SFS2015040095
HG/gs/geb

Til borgarráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Rekstur alþjóðlegrar deildar við Landakotsskóla og gerð þjónustusamnings

Með bréfi Landakotsskóla, dags. 18. júní 2019, fer skólinn fram á að fjölgað verði nemendum sem heimilt er að greiða framlag vegna. Farið er fram á að heimilt verði að greiða framlag vegna allt að 310 reykvískra nemenda en vegna skólaársins 2018 -2019 var heimilt að greiða framlag vegna allt að 234 reykvískra nemenda.

Fram kemur í framangreindu bréfi Landakotsskóla að miðað sé við töluna 310 nemendur þar sem allar bekkjardeildir eru þá fullskipaðar, bæði þær í almenna hlutanum og í alþjóðadeild. Sótt er um fyrir alls 210 nemendur í almennum bekkjardeildum og 100 í alþjóðadeild.

Með bréfi Menntamálastofnunar, dags. 18. júní 2019, til Landakotsskóla er upplýst um að með vísan til 2. gr. reglugerðar um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum og skólahald samkvæmt erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námskiptan nr. 699/2012 og breytingarreglugerð við hana nr. 1149/2018 veitir Menntamálastofnun alþjóðadeild Landakotsskóla viðurkenningu sem námsbraut innan grunnskóla sem starfar samkvæmt alþjóðlegri námskrá. Fram kemur í bréfi Menntamálastofnunar, dags. 18. júní 2019, að gert sé ráð fyrir að viðkomandi sveitarfélag sendi Menntamálastofnun þjónustusamning við Landakotsskóla til staðfestingar sbr. reglugerð nr. 1150/2018 um sjálfstætt rekna grunnskóla.

I Forsaga málsins

Á 129. fundi skóla- og frístundaráðs þann 22. nóvember 2017 var samþykkt að framlengja þróunarverkefni vegna reksturs alþjóðadeildar við Landakotsskóla fram til loka skólaársins 2017 – 2018 fyrir allt að 70 nemendur. Fyrri samþykkt frá 7. júní 2017 varðandi viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna verði óbreytt. Erindið var samþykkt í borgarráði 30. nóvember 2017.

Á 120. fundi skóla- og frístundaráðs þann 7. júní 2017 var samþykkt að veitt verði heimild fyrir stofnun og starfrækslu alþjóðadeildar við Landakotsskóla fyrir allt að 70 nemendur. Fyrirvari var gerður um að mennta- og menningarmálaráðuneyti veiti viðurkenningu til samræmis við 46. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Jafnframt var samþykkt að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt væri að greiða framlag vegna til Landakotsskóla verði breytt með þeim hætti að miðað verði við að hámarksfjöldi reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna geti orðið 234 í stað 189 frá upphafi skólaárs 2017 - 2018. Framlag verði greitt óháð því hvort reykvískur nemandi

sé í almenna hluta skólans eða í alþjóðadeild. Engu að síður verði skýrt í hvorum hluta skólans reykvískir nemendur eru. Sviðsstjóra var falið að gera viðauka við núverandi samning aðila frá 20. október 2015 þar sem kveðið er á um fjölgun nemenda. Framangreint var jafnframt samþykkt í borgarráði þann 15. júní 2017.

Á 81. fundi skóla- og frístundaráðs þann 24. júní 2015 var samþykkt og vísað til borgarráðs að veitt yrði heimild fyrir þróunarverkefni til tveggja ára um stofnun og starfrækslu alþjóðadeildar við Landakotsskóla fyrir allt að 24 nemendur. Sviðsstjóra var falið að ganga til samninga við forsvarsmenn skólans sem feli í sér heimild til að greiða framlög með allt að þrettán reykvískum börnum á samningstímanum. Fyrirvari var gerður um samþykki mennta- og menningarmálaráðuneytisins til samræmis við 44. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Erindið var samþykkt í borgarráði þann 2. júlí 2015.

Á 148. fundi skóla- og frístundaráðs þann 13. nóvember 2018 og í borgarráði þann 22. nóvember 2018 var samþykkt að framlengja þróunarverkefni vegna reksturs alþjóðadeildar innan Landakotsskóla fram til loka skólaársins 2018 – 2019. Fyrri samþykkt frá 7. júní 2017 varðandi viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna yrði óbreytt.

Til samræmis við það sem fram kemur í minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 30. maí 2017, sem samþykkt tillaga skóla- og frístundaráðs frá 7. júní 2017, varðandi fjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna, er byggð á, var Landakotsskóla vegna skólaársins 2018 - 2019 heimilt að vera með 70 nemendur í alþjóðadeild skólans og heimilt að greiða framlag vegna allt að 45 reykvískra nemenda í alþjóðadeildinni. Heildarfjöldi sem heimilt var að greiða framlag vegna skólaárið 2018 - 2019 var 234 óháð því hvort reykvískur nemandi væri í almenna hluta skólans eða í alþjóðadeild. Engu að síður skyldi vera skýrt í hvorum hluta skólans reykvískir nemendur eru.

Á 152. fundi skóla- og frístundaráðs þann 22. janúar 2019 og í borgarráði þann 7. febrúar 2019 samþykkti skóla- og frístundaráð og vísaði til borgarráðs með vísan til minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og fyrirliggjandi draga að þjónustusamningi, tillögu sviðsstjóra um að gerður verði þjónustusamningur við Landakotsskóla ses. með fyrirvara um tilskilin gögn vegna umsóknar til Menntamálastofnunar vegna staðfestingar þjónustusamninganna berist skóla- og frístundasviði innan 30 daga. Í drögum að þjónustusamningi er gert ráð fyrir að hann nái til þriggja ára.

Til samræmis við það sem fram kemur í minnisblaði sviðsstjóra, dags. 22. janúar 2019, var heimilt að gera þjónustusamning við Landakotsskóla þar sem fram kæmi að heimilt væri að greiða framlag vegna allt að 234 reykvískra nemenda en þar af náði heimildin til 45 reykvískra nemenda í alþjóðadeildinni. Með vísan til þess sem fram kemur hér að framan náði heimild vegna 45 reykvískra nemenda eingöngu til skólaársins 2018 – 2019.

II Starfsemi Landakotsskóla og úttekt Menntamálastofnunar á þróunarverkefni Landakotsskóla um alþjóðadeild

Landakotsskóli hefur leyfi til samreksturs fimm ára leikskóladeildar og grunnskóla auk þess sem skólinn hefur frá árinu 2015 starfrækt þróunarverkefni um alþjóðadeild. Samkvæmt samningi við skólann er heimilt að greiða framlag vegna allt að 22 reykvískra barna í fimm ára deild skólans og eins og áður hefur komið fram var heimilt að greiða framlag vegna allt að 234 reykvískra nemenda skólaárið 2018 - 2019.

Með bréfi Menntamálastofnunar, dags. 31. maí 2019, er Mennta- og menningarmálaráðuneyti upplýst um úttekt á þróunarverkefni Landakotsskóla um alþjóðadeild. Í niðurlagi framangreinds

bréfs kemur fram að Menntamálastofnun sjái enga annmarka á því að alþjóðadeild Landakotsskóla fái viðurkenningu ráðherra enda hafi skólinn fengið tilskilin leyfisbréf eða sótt um undanþágur fyrir alla kennara skólans áður en næsta starfsár hefst. Tekið er fram að mat Menntamálastofnunar náði einungis til 1. til 10. námsárs alþjóðadeildarinnar en ekki er tekin afstaða til hvort heimila eigi kennslu á 11. og 12. námsári.

Í tengslum við umsókn Landakotsskóla um aukið framlag hefur skólinn upplýst um að ekki sé verið að fjölga árgöngum innan skólans heldur skipta hópum í alþjóðadeild upp með öðrum hætti. Frá upphafi hafi verið kennt í aldursblönduðum hópum í alþjóðadeild en þar hafi frá upphafi verið allir árgangar. Í upphafi hafi verið færri hópar þar sem í hverjum hópi var þá lengra var á milli nemenda í aldri. Með fleiri nemendum hafi skólinn getað skipt hópum upp svo í hverjum hópi eru þá ekki fleiri en tveir aldurshópar. Hvað varðar húsnæðið þá sé það óbreytt en verið sé nýta plássid betur.

Vorið 2017 var ákveðið á skóla- og frístundasviði að farið yrði í athugun á starfsemi alþjóðadeildar Landakotsskóla í tengslum við óskir skólans um starfsleyfi fyrir alþjóðadeildina sem hafði verið tilraunaverkefni fram að þeim tíma. Starfsmenn á skrifstofu SFS fóru í tengslum við ofangreinda umsókn í matsheimsókn í Landakotsskólann til að kanna líðan nemenda, fylgjast með námi og kennslu ásamt því að skoða innra skipulag skólans. Markmiðið var einnig að koma með ábendingar til stjórnenda skólans um leiðir til framfara. Skoðuð voru gögn, s.s. skólanámskrá og starfsáætlun skólans, námsmat alþjóðadeildarinnar, greinargerð um starf alþjóðadeildarinnar, heimasíða skólans og ýmis gögn sem afhent voru að beiðni matsaðila. Auk þess var gagna aflað með athugunum í kennslustundum og viðtali við skólastjóra. Hluti viðmiða um gæðastarf í skólastarfi, um stjórnun og nám og kennslu, voru m.a. notuð til að leggja mat á skólastarfið. Niðurstaða matsins var sú að almennt væri skólinn aðlaðandi og vistlegur. Nemendum virðist líða vel og samskipti almennt góð. Þar sem alþjóðadeildin er hluti af Landakotsskóla sem á sér langa sögu er skólahaldið almennt í föstum skorðum. Þó eru ýmis tækifæri til að gera betur, s.s. að endurskoða skólanámskrá og starfsáætlun og birta á heimasíðu, uppfæra náms- og kennsluáætlanir almenna hluta skólans og birta á heimasíðu, setja tengla á heimasíðu sem vísa á Cambridge námskrána og upplýsingar fyrir foreldra, birta náms- og kennsluáætlanir á ensku og íslensku í öllum greinum sem Cambridge námskráin tekur ekki á, endurskoða skólareglur og kynna þær árlega fyrir nemendum, kanna á hverju ári líðan og viðhorf nemenda alþjóðadeildarinnar og afla leyfisbréfa og/eða undanþágu fyrir þá kennara sem ekki hafa vottun frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Stjórnendur skólans gerðu í kjölfarið áætlun um umbætur byggða á þeim ábendingum sem fram komu í athuguninni.

Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1150/2018 um sjálfstætt rekna grunnskóla hefur skóla- og frístundaráð fyrir hönd Reykjavíkurborgar eftirlitsskyldu gagnvart sjálfstætt reknnum skólum. Eftirlitið hefur m.a. falist í að kalla eftir skóladagatölum sjálfstætt rekinna skóla til að kanna hvort reglum um skólatíma og fjölda skóladaga væri fylgt. Einnig hafa starfsáætlanir grunnskóla borgarinnar verið innkallaðar árlega til að athuga hvort þær séu í samræmi við lög og reglugerðir þar um. Landakotsskóli hefur ávallt skilað skóladagatali sem uppfyllir skilyrði um 180 skóladaga nemenda og starfsáætlun skólans verið yfirfarin árlega með tilliti til gátlista þar um.

Skólinn hefur einnig tekið þátt í lesskimun í 2. bekk til að fylgjast með hversu stór hluti nemenda getur lesið sér til gagns við lok 2. bekkjar og stærðfræðiskimun í 3. bekk til að kanna hversu stór hluti nemenda í 3. bekk er líklegur til að þurfa sérstakan stuðning í stærðfræði og gera ráðstafanir í samræmi við niðurstöður þessara skimana.

III Ákvæði laga um grunnskóla og reglugerðar um skólahlald samkvæmt erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan.

Samkvæmt 1. mgr. 46. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum, er ráðherra heimilt að viðurkenna grunnskóla eða námsbraut innan almenns grunnskóla sem starfar samkvæmt viðurkenndri erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan. Mennta- og menningarmálaráðuneytið mun hafa með bréfi, dags. 5. mars 2019, falið Menntamálastofnun að annast viðurkenningu grunnskóla eða námsbrauta innan almenns grunnskóla að starfa samkvæmt viðurkenndri erlendri eða alþjóðlegri námskrá.

Í lokamálslið 2. gr. reglugerðar 699/2012, með síðari breytingum, um skólahlald samkvæmt erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan er kveðið á um að heimilt sé að binda samþykki sveitarfélags við ákveðinn hámarksfjölda nemenda.

Í 5. gr. reglugerðar um skólahlalda samkvæmt erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan er kveðið á um að hlutaðeigandi sveitarstjórn skuli gera þjónustusamning við rekstraraðila grunnskóla sem falla undir reglugerðina. Jafnframt er í ákvæðinu kveðið á um efni þjónustusamningsins.

Í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um skólahlald samkvæmt erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan er kveðið á um að grunnskólar sem hljóta viðurkenningu ráðherra á grundvelli laga um grunnskóla og reglugerðarinnar eigi rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem eiga lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar og vegna barna sem ráðstafað hefur verið í fóstur til fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu.

Í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar um skólahlald samkvæmt erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan er kveðið á um að framlag skuli vera Framlag skv. 6. gr. skal nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

Auk þessa er í reglugerð um skólahlald samkvæmt erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan fjallað um réttindi og skyldur nemenda, upplýsingagjöf, mat og eftirlit, uppsögn og riftun þjónustusamninga vegna vanefnda, afturköllun viðurkenningar ofl.

IV Upplýsingar um fjárhagsleg áhrif

Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum, sem reknir eru af sveitarfélögum, var kr. 1.918.177 í apríl 2019. Miðað við að greitt sé 75% af þeirri fjárhæð er árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda kr. 1.438.633.- (dreifist á 9 mánuði, sept-maí).

Fastur kostnaður Reykjavíkurborgar pr. nemanda er kr. 800.388,- Sá kostnaður fellur ekki niðuref laus pláss eru til staðar í grunnskólum Reykjavíkur. Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna framlaga til sjálfstætt rekinna grunnskóla miðast við nemendafjölda þeirra að hausti á rekstrarári á undan þ.e. október 2018 vegna fjárhagsáætlunar 2019. Skóla- og frístundasvið fær auknar fjárheimildir í samræmi við fjölgun/fækkun og verðlagsbreytingar framlags á fjárhagsárinu. Hækkun viðmiðs um hámarksfjölda skilar því ekki hækkun á fjárheimildum en eins og með magntölur í borgarreknum skólum þá er nemendafjölgun á fjárhagsári ávallt bætt.

Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi umsagnar fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 15. júlí 2019.



Umsögn

Til: Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Landakotsskóli - breytt viðmið um nemendafjölda

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs hefur óskað eftir umsögn um viðmið um nýjan hámarksfjölda reykvískra grunnskólanemenda sem heimilt er að greiða framlag til í Landakotsskóla. Farið er fram á að heimilt verði að greiða framlag vegna allt að 260 reykvískra nemenda en vegna skólaársins 2018 - 2019 var heimilt að greiða framlag vegna allt að 234 reykvískra nemenda.

Umsögn:

Tillagan gerir ráð fyrir að hámarksfjöldi reykvískra nemenda í Landakotsskóla verði allt að 260 börn skólaárið 2019-2020, sem er 26 nemendur umfram núverandi heimild fyrir árin 2018-2019. Áætluð fjölgun reykvískra barna skv. upplýsingum frá Landakotsskóla nemur 16 börnum, sjá eftirfarandi töflu:

Skóli	Fj. nemenda 2018-2019	Áætl. fj. nemenda 2019-2020	Áætluð fjölgun	Gildandi hámark 2019-2020	Hámark umfram fjárheimildir	Tillaga um nýtt hámark	Fjölgun frá gildandi hámarki
Landakotsskóli	233	249	16	234	1	260	26

Sé tekið mið af áætlun skólans um fjölda reykvískra barna á næsta skólaári má gera ráð fyrir að kostnaður Reykjavíkurborgar verði um 358.220 þ.kr. vegna næsta skólaárs. Sé tekið mið af nemendafjölda síðasta skólaárs voru útgjöld m.v. sama einingakostnað 335.201 þ.kr. Áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar vegna fjölgunarinnar nemur 5.359 þ.kr. á ársgrundvelli ef frá er talinn breytilegur kostnaður vegna barns í borgarreknunum grunnskólum. Skuldbinding Reykjavíkurborgar nemur hins vegar allt að 8.708 þ.kr. á ársgrundvelli ef tekið er mið af nýju hámarks viðmiði, sbr. eftirfarandi:

Fjárhagsleg áhrif (þ.kr.)	Kostn. pr. nemanda	Kostn. '18-'19	Áætl. kostn. '19-'20	Áætlun umfram fjárheimildir	Hámarks kostn.- viðmið	Skuldbinding umfram fjárheimildir	Skuldbinding m.v. nýtt hámark
Kostnaður (þ.kr.)	1.439	335.201	358.220	23.018	336.640	1.439	37.404
Til frádráttar	-1.104			-17.659		-1.104	-28.696
Nettó skuldbinding umfram fjárheimildir				5.359		335	8.708

Sé tekið mið af fyrirliggjandi upplýsingum um meðalkostnað pr. barn í grunnskólum Reykjavíkur frá árinu 2017 og hann framreiknaður til ársins 2019 má gera ráð fyrir að hann sé 1.904 þ.kr. hvert skólaár. Þar af er fastur kostnaður borgarinnar 800 þ.kr. skv. upplýsingum sviðsins. Breytilegur kostnaður í borgarreknum skólum nemur því sem eftir stendur eða 1.104 þ.kr. pr. barn.

Til skemmri tíma litið er ekki raunhæft að gera ráð fyrir því að hægt sé að lækka fastan kostnað í borgarreknum grunnskólum þó fleiri börn fari í einkarekna grunnskóla, því fjármagn er m.a. bundið í húsakosti borgarinnar og ýmsum föstum rekstarkostnaðarliðum sem ekki er hægt að skera niður þó að um lítilsháttar fækkun nemenda sé að ræða milli ára. Til skemmri tíma er því eðlilegt að bera saman breytilegan kostnað borgarrekinnna grunnskóla við gjaldið sem greitt er til einkarekinnna grunnskóla. Kostnaðarauki borgarinnar nemur með þeim hætti 335 þ.kr. pr. barn og hreinn viðbótarkostnaður er því áætlaður 8.708þ.kr. m.v. 26 börn, sjá töflu:

	Meðalk. pr. barn (þ.kr.)	Þar af FK pr.barn	Þar af BK pr.barn	Til samanburðar
Borg	1.904	800	1.104	1.104
Einka	1.439			1.439
			Mism. pr. barn	335

Skólaárið 2019-2020	Áætl. fj. barna	Nýtt hámarks-viðmið
Fjöldi nemenda	16	26
Borg	17.659	28.696
Einka	23.018	37.404
Hreinn viðbótarkostn.	5.359	8.708

Til lengri tíma litið má ætla að það komist á jafnvægi á milli borgarrekinnna og einkarekinnna grunnskóla og hægt verði að spara í föstum kostnaði Reykjavíkurborgar með sveigjanleika í nýtingu á rými og fastri aðstöðu. Þegar svo er komið er ódýrara fyrir borgina að vista börn í einkareknum grunnskólum miðað við í borgarreknum grunnskólum og felst mismunurinn í því að aðeins er greitt 75% meðalkostnaðar við rekstur grunnskóla á landsvísu.

Áhrif á fjárheimildir sviðsins 2019

Burtséð frá því sem fram kemur hér að ofan þá er ekki vitað nákvæmlega hver endanlegur barnafjöldi verður í grunnskólum Reykjavíkurborgar í haust eða hvernig nemendur muni koma til með að skiptast á milli einkarekinnna og borgarrekinnna grunnskóla. Það er í því nauðsynlegt að gera ráð fyrir því að það þurfi að fjármagna að fullu þá fjölgun sem verður í grunnskóla Landakotsskóla að hausti eða skv. eftirfarandi:

Til fjármögnunar 2019	2019
Fjöldi nemenda	16
Kostn.pr. nemenda	1.439
Samtals á ársgrundvelli	23.018
Kostn. á haustönn 2019	9.591

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, hér eftir SFS og xxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxx, hér eftir skólinn, gera með sér eftirfarandi þjónustusamning um framlag vegna nemenda í skólanum sem eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík. Samningurinn gildir um rekstur grunnskóla en ekki rekstur frístundaheimilis.

1. gr. Skilyrði

Starfsemi og starfsaðstaða skólans skal á hverjum tíma vera í samræmi við gildandi lög um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum, reglugerð um sjálfstætt rekna grunnskóla nr. 1150/2018 og lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008, með síðari breytingum, önnur lög og reglugerðir sem gilda um starfsemi grunnskóla.

Réttindi og skyldur nemenda skulu vera í samræmi við gildandi grunnskólalög á hverjum tíma, reglugerðir settar samkvæmt þeim og aðalnámskrá grunnskóla.

Um framlagið samkvæmt samningi þessum gilda reglur Reykjavíkurborgar um styrki. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti styrks frá Reykjavíkurborg, Skólanum ber að skila skóla- og frístundasviði kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar.

Starfsfólk skólans skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Skólinn fylgir ákvæðum laga nr. 91/2008, um grunnskóla og ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 við töku ákvarðana sem eru kærarlegar skv. 47 gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla auk þess sem lög um upplýsingarétt nr. 140/2012 geta átt við um starfsemina.

Til samræmis við lög um grunnskóla ber skólanum að hafa skólanámskrá sem byggir á gildandi aðalnámskrá og ber að skila skóla- og frístundasviði starfsáætlun ár hvert samkvæmt reglum og viðmiðum sviðsins hverju sinni.

Óheimilt er að ráða einstakling til starfa við grunnskóla sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild skólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

Skólinn fylgir ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 enda telst hann ábyrgðaraðili persónuupplýsinga vegna vinnslu þeirra í starfsemi skólans. Skólanum

ber að tryggja að miðlun upplýsinga skv. samningi þessum til skóla- og frístundasviðs sé í samræmi við framangreind lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

2.gr. Rekstrarframlag

Framlagið nemur 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur. Fjölggi nemendum umfram 200 nemur framlagið 70% af framangreindu vegnu meðaltali fyrir hvern nemanda umfram 200.

Greitt er framlag vegna allt að [tilgreindur fjöldi] nemenda.

Greiðslurnar taka breytingum til hækkunar eða lækkunar eftir útreikningum Hagstofunnar.

Framangreint framlag Reykjavíkurborgar við skólann, sem er framlag vegna reksturs skólans allt árið, verður greitt fyrir 9,5 mánuði sem skiptast í alls 9 greiðslur (sept.-maí) og fer greiðsla fram síðasta virka dag hvers mánaðar fyrir líðandi mánuð. Framlagið miðast við fjölda nemenda í skólanum í yfirstandandi mánuði, sem eiga lögheimili í Reykjavík og nemendur sem eru fósturbörn, ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík. SFS krefur sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur um kostnað vegna skólagöngu barns í fóstri hjá fósturforeldrum með lögheimili í Reykjavík.

Um greiðslu kostnaðar vegna stuðnings við nemendur með metnar sérþarfir og nemendur með annað móðurmál en íslensku er vísað til 6. og 7. gr. samningsins.

Skólanum ber að koma réttum upplýsingum um fjölda nemenda til SFS fyrir 5. dag hvers mánaðar til að hægt sé að greiða rétta fjárhæð í lok mánaðarins.

Skólanum er heimilt að taka nemendur í skólann sem ekki eiga lögheimili í Reykjavík en Reykjavíkurborg greiðir hvorki framlag né annan kostnað vegna þeirra.

Skólanum ber að skila til SFS skóladagatali eigi síðar en 1. maí ár hvert og upplýsingum um fjölda nemenda á komandi skólaári, eigi síðar en 15. júní ár hvert. Listi yfir nemendur sem stunda nám í skólanum í ágústlok skal sendur SFS eigi síðar en 1. september. Skólanum er jafnframt skylt að veita sviðinu aðgang að nemendaskrá og upplýsingar um innritaða nemendur þegar þess er óskað.

Skólanum er heimilt að óska eftir breytingu á viðmiði um fjölda nemenda sem greitt er framlag vegna ef sýnt er fram á að fjölgun nemenda verði umfram framangreindan hámarksfjölda nemenda í 1. mgr. 2.gr. samnings þessa. Umsókn skal berast eigi síðar en 1. maí ár hvert. Skal ákvörðun Reykjavíkurborgar vegna beiðni um breytingu á viðmiði liggja fyrir eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 10. júní.

Rekstrarafgang af starfsemi skólans, sem rekja má til opinberra fjárveitinga, skal nýta til að efla skólastarfið. Í ársskýrslu skólans til Reykjavíkurborgar skal gerð grein fyrir því hvernig framangreindur rekstrarafgangur er metinn og hvernig honum er varið.

3. gr. Gjaldtaka

Skólanum er heimilt að taka gjald af foreldrum vegna kennslu og skólamáltíða.

4. gr.

Innritun nemenda

Skólanum ber að setja sér reglur um innritun nemenda sem byggðar skulu á ákvæðum grunnskólalaga um skóla án aðgreiningar þar sem allir nemendur eiga sama rétt til að innritast í skólann án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

5. gr.

Sérfræðipjónusta

Skólinn á rétt á sömu sérfræðipjónustu og almennir grunnskólar frá þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar í því hverfi sem skólinn er staðsettur.

6. gr.

Stuðningur við nemendur með sérþarfir

Skólinn getur sótt um fjármagn vegna sérstaks stuðnings fyrir nemendur með metnar sérþarfir, samkvæmt reglum SFS á hverjum tíma. SFS greiðir 45% af úthlutaðri fjárhæð vegna haustannar fyrir 1. nóvember og 55% vegna vorannar fyrir 1. apríl. Umsóknir um fjármagn samkvæmt þessari grein skulu hafa borist skóla- og frístundasviði fyrir 1. október vegna haustannar og fyrir 1. mars vegna vorannar. Þarfnist nemandi með lögheimili utan Reykjavíkur sérstakrar aðstoðar eða aukins stuðnings semur skólinn sérstaklega um viðbótargreiðslur við viðkomandi sveitarfélag.

7. gr.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku

Skólinn getur sótt um úthlutun fjármagns samkvæmt reglum SFS á hverjum tíma vegna kennslu í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í Reykjavík. Um kostnað vegna kennslu í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum, semur skólinn sérstaklega við viðkomandi sveitarfélag.

8. gr.

Upplýsingar, mat og eftirlit

Skólinn skal lúta sama eftirliti með innra starfi og aðrir grunnskólar í Reykjavík. Þeir skulu framkvæma innra mat með því að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Skólanum ber að birta á heimasíðu sinni upplýsingar um innra mat, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

SFS framkvæmir ytra mat og ber skólanum að láta sviðinu í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma matið og til að sinna að öðru leyti eftirlitsskyldu sinni.

Við undirritun samnings þessa liggur skólanámskrá skólans fyrir. Skólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrána reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar.

Starfsáætlun skólans fyrir komandi skólaár skal send skóla- og frístundaráði til staðfestingar fyrir 1. október ár hvert.

9. gr.
Ársskýrsla

Skólinn skal skila ársskýrslu ásamt endurskoðuðum ársreikningi til SFS fyrir 1. maí ár hvert fyrir liðið fjárhagsár.

10. gr.
Fundir og námskeið fyrir skólastjórnendur

SFS skal upplýsa og bjóða stjórnendum skólans á reglubundna fundi sem yfirstjórn SFS heldur með skólastjórnendum í Reykjavík. Jafnframt skal bjóða stjórnendum skólans að sækja námskeið á vegum SFS gegn greiðslu kostnaðar.

11. gr.
Endurskoðun samnings

Ef upp koma breytingar í starfsumhverfi viðurkenndra grunnskóla sem reknir eru af öðrum en Reykjavíkurborg er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun samningsins með tilliti til þeirra.

12. gr.
Framsal

Samningsaðilum er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

13. gr.
Force Majeure

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

14. gr.
Gildistími og uppsögn

Samningurinn tekur gildi [dags.]. Samningurinn gildir til þriggja ára og fellur brott án uppsagnar að þeim tíma liðnum. Litið er svo á að samningur aðila [dags.] hafi haldið gildi sínu fram að gildistöku þessa samnings. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar SFS eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.

Þjónustusamningur þessi er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með eins árs fyrirvara.

15. gr.
Endurkrafa á ofgreiddu framlagi og vanefndir

Komi í ljós að SFS hafi ofgreitt framlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun SFS lækka framlag til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Skólinn getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt á þrjá mánuði.

Komi til vanefnda af hálfu annars hvors aðila samnings þessa er hinum aðilanum heimilt að grípa til viðeigandi vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

16. gr
Fyrirvari um staðfestingu á þjónustusamningi
Afturköllun staðfestingar

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um staðfestingu Menntamálastofnunar, sbr. 2. mgr. 43. gr. a. laga nr. 91/2008, um grunnskóla.

Afturkalli Menntamálastofnun staðfestingu sína á þjónustusamningi þessum fellur samningurinn úr gildi án uppsagnar.

17. gr.
Varnarþing

Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

18. gr.
Undirritun

Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, _____ janúar 2019

F.h. Skóla - frístundasviðs Reykjavíkurborgar

F.h. xxxx (nafn skóla)

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritunum og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt:

Landakotsskóli
Ingibjörg Jóhannsdóttir, skólastjóri

Kópavogi, 18. júní 2019

Efni: Viðurkenning á alþjóðadeild Landakotsskóla

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur með bréfi, dags. 5. mars sl., falið Menntamálastofnun í samræmi við heimild í 1. mgr. 46. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, að annast viðurkenningar grunnskóla eða námsbrauta innan almenns grunnskóla sem starfa samkvæmt viðurkenndri erlendri eða alþjóðlegri námskrá.

Menntamálastofnun, hefur með bréfi, dags. 31. maí sl. gert grein fyrir mati stofnunarinnar á tilraunaverkefni Landakotsskóla um alþjóðadeild. Er það niðurstaða Menntamálastofnunar að alþjóðadeild Landakotsskóla uppfylli skilyrði til viðurkenningar samkvæmt námskrá fyrir 1.-10. bekk grunnskóla.

Með vísan í 2. gr. reglugerðar um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum og skólahlald samkvæmt erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan nr. 699/2012 og breytingareglugerð við hana nr. 1149/2018 veitir Menntamálastofnun hér með alþjóðadeild Landakotsskóla viðurkenningu sem námsbraut innan grunnskóla sem starfar samkvæmt alþjóðlegri námskrá.

Gert er ráð fyrir að viðkomandi sveitarfélag sendi Menntamálastofnun þjónustusamning við Landakotsskóla til staðfestingar sbr. reglugerð nr. 1150/2018 um sjálfstætt rekna grunnskóla.

Virðingarfyllst



Arnór Guðmundsson

Reykjavík, 18.6. 2018.

Skóla og frístundaráð Reykjavíkurborgar.

Erindi:

Fjölgun nemenda sem Landakotsskóli fær greitt fyrir frá Reykjavíkurborg samkvæmt þjónustusamningi við Reykjavíkurborg sem nú er í burðarliðnum.

Greinagerð:

Landakotsskóli fer hér með fram á að fjöldi nemenda sem Landakotsskóli fær greitt fyrir frá Reykjavíkurborg verði hækkaður úr 234 upp í 310 nemendur. Í vetur voru 233 reykvískir nemendur skráðir í Landakotsskóla.

Næsta haust er gert ráð fyrir að nemendur með lögheimili í Reykjavík verði 249, þar af verða 60 nemendur skráðir í alþjóðadeild og 189 í almenna hluta skólans.

Miðað er við töluna 310 nemendur þar sem allar bekkjardeildir eru þá fullskipaðar, bæði þær í almenna hlutanum og í alþjóðadeild. Sótt er um fyrir alls 210 nemendur í almennum bekkjardeildum og 100 í alþjóðadeild.

Undanfarin skólaár hefur fjöldi umsókna borist skólanum eftir að kennsla er hafin að hausti, einkum á það við í alþjóðadeild skólans. Því er gert ráð fyrir að nemendafjöldi í alþjóðadeild sem eiga lögheimili í Reykjavík muni fjölga úr 60 í 70 nemendur á árinu.

Í alþjóðadeild er kennt í aldursblönduðum hópum. Þegar alþjóðadeildin var stofnuð fyrir fjórum árum var kennt í þremur aldursblönduðum hópum en með fjölgun nemenda hefur verið hægt að skipta nemendur meira upp í hópa eftir aldri. Næsta haust er gert ráð fyrir sjö alþjóðlegum bekkjardeildum. Bekkjardeildir í alþjóðadeild eru misstórar, þær minnstu eru með 8 nemendum en þær stærstu með 15 nemendum. Með fleiri nemendum verður deildin smá saman öflugri og reksturinn mun styrkjast.

Alþjóðleg deild innan Landakotsskóla gefur færi á öflugu og framsæknu námi þar sem kennsluaðferðum, hugmyndum og kennsluefni er deilt milli tveggja deilda sem starfa eftir tveimur ólíkum námsskrám, íslensku aðalnámsskránni og námsskrá Cambrigde samtakanna. Við það skapast áhugavert og spennandi námsumhverfi sem er eftirsóknarvert og talar til samtímans. Á síðustu fimm árum hefur skólinn vaxið úr 140 nemendum í 280. Á næstunni er útlit fyrir að jafnvægi náist í rekstri og Landakotsskóli standi sterkur, með öfluga alþjóðadeild og framsækið skólastarf. Alþjóðlegt nám er Reykjavíkurborg mikilvægt ef hlúa á að nútímalegu og alþjóðlegu atvinnuumhverfi.

Það er afar mikilvægt fyrir skólann að fá leyfi fyrir fleiri nemendum til að rekstrareiningin verði hagkvæm. Með tilurð alþjóðadeildar fyrir fjórum árum hefur verið unnið mikið uppbyggingarstarf. Nauðsynlegt er að fylgja þessu uppbyggingarstarfi eftir með fjölgun nemenda sem Reykjavíkurborg greiðir framlag með.

Með vinsemd og virðingu,

Ingibjörg Jóhannsdóttir

Skólastjóri.